

Minnisblað

Til: Skipulags- og mannvirkjanefnd
Frá: Guðmundur Rafn Kristjánsson
Dags. 13. mars 2023
Mnr. 2022050186



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað – Umsóknir um lóðir á Skeiði og Staðarval nýrrar slökkvistöðvar

Þann 7. mars sl. bárust umsóknir um lóðirnar Skeiði 2, 4 og 6.

Lóðirnar eru á lóðarlista: [Lausar lóðir eftir hverfum | Ísafjarðarbær \(isafjordur.is\)](#)



Þessar lóðir (Skeiði 2-6) skora nokkuð hátt í staðarvalsgreiningu fyrir nýja slökkvistöð, sjá töflu að neðan (er hluti stærri töflu).

3.4 Niðurstaða

Auk núverandi staðsetningar voru skoðaðir tólf valkostir um nýja staðsetningu fyrir slökkvistöð í Ísafjarðarbæ. Niðurstaðan er sú að sjö valkostir eru ekki taldir vera fýsilegir, þar af koma fjórir ekki til greina. Sex valkostir eru taldir vera fýsilegir en þrír þeirra eru taldir álitlegustu kostirnir.

Tafla 3.32 Heildarniðurstaða þar sem staðfestingarkostum er raðað með tilliti til fýsileika

Staðsetning/vægis-einkunn	Skýringar
Æðartangi 4 (D)	Mjög hentug staðsetning sem hefur fáa augljósa ókosti. Lóðin liggur vel við samgöngum og er nærri helstu útkallssvæðum. Einnig eru nægir stækkunarmöguleikar á meðan enn eru lausar lóðir á svæðinu.
Skeiði 2-6 (J)	Mjög hentug lóð en ókostur er að hún er fjær helstu útkallssvæðum og leiðin þangað getur teppst í snjóflóðum.
Suðurgata (C)	Mjög hentug staðsetning en stækkunarmöguleikar lóðar eru þó takmörkunum háðir.

Taka þarf afstöðu til þess hvort úthluta eigi lóðunum til umsækjanda eða hvort halda eigi þessum lóðum fyrir mögulega nýbyggingu slökkvistöðvar og fella þar með af lóðarlista .